

Fundargerð

Árið 2025, föstudaginn 24. október kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólsgötu 7.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir (á Teams), Friðjón Einarsson (á Teams), Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir (á Teams), Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni (á Teams), Elvari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins undir 2. lið; frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga voru Þórir Ólafsson formaður og Oddur Gunnar Jónsson ásamt Aðalsteini Þorsteinssyni skrifstofustjóra á skrifstofu sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála í innviðaráðuneytinu.

Gestir fundarins undir 6. lið; frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, Jóna Guðný Eyjólfsdóttir skrifstofustjóri og Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur á skrifstofu félags- og lífeyrismála.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð

19. september

Lögð var fram til samþykktar fundargerð frá 19. september 2025.

Fundargerð frá 19. september 2025 var samþykkt með framlögðum breytingum.

2. Grindavík

Gestir fundarins, Þórir Ólafsson og Oddur Gunnar Jónsson, fóru yfir fjárhagsstöðu og afkomuhorfur Grindavíkur. Greindu þeir frá því að rekstrargrundvöllur Grindavíkurbæjar sé brostinn. Skatttekjur hafa fallið í samræmi við fækkun íbúa en rekstrarkostnaður ekki fylgt þeim lækkunum að öllu leyti. Einnig fylgdi með lögum um uppkaup fasteigna í bæjarfélaginu að kaupandinn (Þórkatla) er m.a. undanskilinn því að greiða fasteignagjöld, sem er almennur tekjustofn sveitarfélaga óháð íbúafjölda, af keyptum eignum án þess þó að sveitarfélagið sé undanþegið skyldu til að veita þá þjónustu sem fasteignagjöldum er almennt ætlað að standa undir, þ.e. rekstri, viðhaldi og endurbótum á veitu- og gatnakerfi o.fl.

Ljóst sé að staðan komi afar illa við fjárhag sveitarfélagsins og er það mat EFS að full ástæða sé til að samkomulag innviðaráðherra við Grindavíkurbæ verði efnt, sveitarfélaginu verði greitt framlagið til að mæta neikvæðum rekstrarjöfnuði enda líti nefndin svo á að áform um enduruppbyggingu Grindavíkur verði betur tryggð sé rekstur sveitarfélagsins sjálfbær og tilbúinn til endurreisnar og að taka við íbúum.

Ráðgjafarnefnd samþykkti eftirfarandi bókun:

Í febrúar 2024 var gert samkomulag milli innviðaráðherra og Grindavíkurbæjar um stuðning við stjórnsýslu og fjárhag sveitarfélagsins, á grundvelli VIII. sveitarstjórnarlaga nr. 38/2011. Viðauki var gerður við samkomulagið í lok árs 2024 og gildistími framlengdur til ársloka 2025. Í viðaukanum er kveðið á um allt að 600 milljón króna fjárhagsstuðning við Grindavíkurbæ á gildistíma samkomulagsins og var eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga falið að hafa umsjón með mati á fjárþörf sveitarfélagsins.

Fyrir fundinum liggur álit eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga sem telur að full ástæða sé til þess að samkomulagið verði efnt og að framlagið verði greitt til sveitarfélagsins.

Með vísan til ofangreinds samþykkir ráðgjafarnefndin að leggja til við ráðherra að efna samkomulagið og að sjóðurinn greiði Grindavíkurbæ 600 m.kr. á árinu 2025 sbr. ákvæði í 2. gr. í áðurnefndum viðauka.

Þá leggur ráðgjafarnefndin til við ráðherra að ekki verði greidd frekari framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Grindavíkurbæjar vegna sameiginlegrar ráðgjafar ríkis og sveitarfélaga.

Ráðgjafarnefndin áréttar á að ekki verði um frekari greiðslur framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í tengslum við jarðhræringarnar í nágrenni Grindavíkur.

3. Staðgreiðsla árið 2025

Lagt var fram til kynningar minnisblað, dags. 22. október 2025, um þróun staðgreiðslu árið 2025.

Við áætlun framlaga vegna grunnskóla og fatlaðs fólks í september 2024 var gert ráð fyrir að útsvarsstofn sveitarfélaga vegna ársins 2024 yrði 2.545.545.626.653 kr. Jöfnunarsjóður gerði ráð fyrir að hækkun á árinu 2025 næmi 5,2% og að áætlaðar tekjur af staðgreiðslu árið 2025 yrðu

59.181.899.383 kr. Þróun staðgreiðslu ársins 2025 sýnir nokkra hækkun og eru áætlaðar tekjur af staðgreiðslu ársins 2025 nú 61.206.412.865 kr. og hækka um 2.024.513.481 kr.

4. Landshlutasamtökin

Sóknaráætlanir – greinargerðir

Samþykkt var á fundi ráðgjafarnefndar 16. júní 2024, framlag til landshlutasamtaka að fjárhæð 51,6 m.kr. til að koma til móts við kostnað landshlutasamtakanna vegna samstarfsverkefna sem samtökin hafa tekið að sér í kjölfar samninga við ríki þar um og varða hagsmuni allra sveitarfélaga á starfssvæði þeirra. Í framhaldi var óskað eftir greinargerð fyrir árið 2025 og kostnaðaráætlun.

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 13. október 2025, um sóknaráætlun landshluta 2025. Jafnframt voru lagðar fram greinargerðir frá öllum landshlutasamtökum um framkvæmd þeirra verkefna sem unnið er með á árinu 2025 ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja framlög til Landshlutasamtakanna vegna sóknaráætlana landshluta fyrir árið 2025.

5. Samþætting í þágu þjónustu við börn

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 7. október 2025 varðandi áætlun að framlögum til að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna á árinu 2026.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir framlag til að mæta kostnaði vegna samþættingar í þjónustu farsældar barna sbr. 13 gr. laga nr. 56/2025 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. 1. áætlun ársins 2026 er samtals að fjárhæð 1.044.200 þús.kr.

Úthlutun framlaga ársins 2026 er á grundvelli eftirfarandi breytna fyrir hvert og eitt sveitarfélag sem allar hafa jafnt vægi og byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands:

1. Fjöldi barna 1. janúar 2025.
2. Meðaltal barna með stuðning í grunnskólum skólaárin 2021/2022, 2022/2023 og 2023/2024 og fjöldi barna með stuðning í leikskólum árin 2022, 2023 og 2024.
3. Fjöldi barna á heimilum með undir 60% af miðgildi ráðstöfunartekna árið 2024.
4. Fjöldi innflytjenda af fyrstu og annarri kynslóð 1. janúar 2025.

Framlögin verða enduráætluð í byrjun árs 2026 þegar uppfærð gögn berast frá Hagstofu Íslands um annars vegar fjölda barna á lágtekjuheimilum vegna tekna 2024 og hins vegar fjölda barna með stuðning í leik- og grunnskólum.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja tillögu að framlagi vegna samþættingar í þjónustu við farsæld barna að fjárhæð 1.044.200 þús.kr.

6. Framtíðarhópur – Þróun og nýsköpun í þjónustu við fatlað fólk

Tillaga um ráðstöfun fjármagns árið 2025

Gestir fundarins, Jóna Guðný Eyjólfsdóttir skrifstofustjóri og Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur, fóru yfir tilurð og tilgang framtíðarhópsins. Greindu þau frá samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk, sem undirritað var þann 15. desember 2023, sé grundvöllur þess að framtíðarhópurinn var skipaður þann 26. mars 2024.

Í framtíðarhópi eiga sæti fulltrúar innviðaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, mennta- og barnamálaráðuneytis, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, ÖBÍ réttindasamtaka, Landssamtakanna Þroskahjálpar, Geðhjálpar, Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála og félags- og húsnæðismálaráðuneytis undir forystu þess síðastnefnda.

Farið var yfir tillögur sem feli í sér þróun og nýsköpun í þjónustu við fatlað fólk með það að markmiði að auka gæði og hagkvæmni og leggur áherslu á að þær nái fram að ganga. Enn fremur að skilyrði verkefna séu uppfyllt enda eiga tillögurnar sammerkt að nýtast þjónustusvæðum og hafa þýðingu fyrir málaflokkinn, sbr. f-lið 11. gr. laga nr. 4/1995 og 4. gr. reglugerðar nr. 192/2023.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að samþykkja verkefnin og fela starfsmanni að vinna málið áfram í samstarfi við félags- og húsnæðismálaráðuneytið.

7. Fasteignasjóður

Garðabær

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Garðabæjar, dags. 25. júní 2025, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs.

Garðabær hefur nú, haustið 2025, hafið starfsemi í frístundaþjónustu/virkniúrræði fyrir fötluð börn og ungmenni, samanber 16. gr. laga 38/2018. Áður var þjónustan keypt af Hafnarfjarðarbæ.

Starfsemin fer í dag fram í tímabundnu húsnæði og eru sjö ungmenni byrjuð að nýta þjónustuna. Gengið hefur verið frá kaupum á húsnæði við Lambamýri 1, sem telur 247,7 fm og er það nú tilbúið undir tréverk. Ráðgert er að þar verði til húsa varanleg aðstaða fyrir allt að 15-20 ungmenni og að samhliða frístundaþjónustunni er horft til þess að þar verði einnig virkniúrræði fyrir fötluð ungmenni sem hafa ekki komist í virkni við hæfi. Vonir standi til að nýtt húsnæði verði tilbúið fyrir starfsemina á næstu fjórum mánuðum.

Áætlaður stofnkostnaður er um 182 m.kr. sem skiptist í:

- Kaup á húsnæði við Lambamýri 1, tilbúið undir tréverk 77 m.kr.
- Standsetning húsnæðis 90 m.kr.
- Kaup á búnaði og innréttingum 15 m.kr.

Sótt er um framlagið á grundvelli d. og e. liðar 2. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir 25% kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 45,5 m.kr.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja framlag að fjárhæð 45,5 m.kr. vegna framkvæmdanna.

Múlaþing

Grunnskóli

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Múlaþings, dags. 16. september 2025, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum. Sótt er um vegna úrbóta í aðgengismálum við grunnskólann á Egilsstöðum. Settur var upp rafbúnaður til að opna hurð að textílstofu skólans til að auðvelda aðgengi að stofunni fyrir textílkennara í hjólastól. Verkið fól í sér uppsetningu á rafmagnshurðarpumpu, þrýsti rofar í hurðarstafi og þrýsti hnappar að utan og innan.

Samanlagður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nam 826.354 kr. Sótt er um á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til austurlands 2025-2026 geti numið 11.757.511 kr.

Framlög vegna úrbóta í aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Framlag Fasteignasjóðs myndi því nema 413.177 kr.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja framlag að fjárhæð 413.177 kr. vegna framkvæmdanna.

Múlaþing

Vísindagarður

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Múlaþings, dags. 15. september 2025, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum. Sótt er um vegna úrbóta í aðgengismálum við Vísindagarðinn, Tjarnarbraut 39. Settur var upp rafbúnaður til að opna hurð að textílstofu skólans til að auðvelda aðgengi að stofunni fyrir textílkennara í hjólastól. Verkið fól í sér uppsetningu á rafmagnshurðarpumpu, þrýsti rofar í hurðarstafi og þrýsti hnappar að utan og innan o.fl.

Samanlagður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nam 897.190 kr. Sótt er um á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til austurlands 2025-2026 geti numið 11.757.511 kr.

Framlög vegna úrbóta í aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Framlag Fasteignasjóðs myndi því nema 448.595 kr.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja framlag að fjárhæð 448.595 kr. vegna framkvæmdanna.

Reykjavíkurborg

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Reykjavíkurborgar, dags. 15. október 2025, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs.

Sótt er um vegna aðlögunar á húsnæði í Skeifunni 8 en þar er nýtt virkniúrræði á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Alls eru þrjú virkniúrræði sameinuð í þessu nýja húsnæði. Þjónustunotendur voru áður í Bæjarflöt í Grafarvogi og fluttu þeir í Skeifuna 8 um mánaðarmótin

maí/júní. Verið er að koma fyrir í kjallara hússins starfsemi tónlistarhússins Klúbbhússins og smíðaverkstæðinu Smírey. Alls er áætlað að með fullri nýtingu verði um 70 þjónustunotendur í Skeifunni 8.

Húsnæðið, sem áður var skrifstofuhúsnæði, er í eigu fasteignafélagsins Eikar. Gerður hefur verið 5 ára leigusamningur en fara þurfti í talsverðar úrbætur á húsnæðinu til aðlögunar að starfsemi sem hentar virkniúrræði fyrir fatlað fólk. Þarna mun verða listsköpun, handverk íþróttir, söngur, slökun o.fl. Fyrirhugað er að hafa verslun í húsnæðinu þar sem seldar verða vörur framleiddar af þjónustunotendum.

Úrbæturnar sem fara þurfti í voru m.a. breytingar á aðgengismálum, stærri lyfta, rampur og breyting á salernum ásamt því að útbúa tvö salerni frá grunni í kjallara hússins. Fasteignafélagið Eik vann mikilvægar og stærri breytingar og kostaði þær, sá kostnaður er ekki tilgreindur í umsókn þessari heldur er inni í leiguverði Reykjavíkurborgar.

Áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nemur um 103.188.462 kr. Sótt er um framlag á grundvelli e. liðar 2. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir 25% kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs og myndi framlag Fasteignasjóðs því nema 25.797.116 kr.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja framlag að fjárhæð 25.797.116 kr.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 13:12

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir